

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Ólafsvíkurbreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi Ólafsvíkurbrepps eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1%
Fjölbýlishús	½%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,5%
Iðnaðarhús, vörugemyslur og annað atvinnuhúsnaði	½%
Opinberar byggingar	1,5%
Bílskúrar	1,5%
Önnur hús	½%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fernetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrátti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnaði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. gr. 3, hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalda skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

1. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3%
2. Tvíbýlishús og sambyggð einbýlisraðhús á einni hæð	2%
3. Tveggja hæða íbúðarhús	2%
4. Fjölbýlishús	1%
5. Verslunar- og skrifstofubyggingar	3%
6. Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
7. Opinberar byggingar	3%
8. Bifreiðageymslur	3%
9. Önnur hús.	

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en gjald miðað við 250 m³ hús.

8. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 7. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. gr. 7, hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 7. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.